

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis í landi Brekku í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. mars sl. tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis í landi Brekku í Aðaldal.

Helstu breytingar felast í því að byggingarreitir fyrir gistiskála eru sameinaðir til að auðvelda aðlögun að landi og landmótun auk þess að skapa möguleika á fjölbreyttari húsagerðum. Þá er einnig gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit veitingahúss þar sem heimilt verði að byggja glerskála eða annars konar léttu byggingu í tengslum við veitingasal.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 13. apríl 2015.*

**Bjarni Reykjálín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2015